



Velferðarnefnd Alþingis

Reykjavík, 6. mars 2019

Efni: Frumvarp um breytingu á ýmsum lögum vegna réttar barna sem aðstandenda, 255. mál.

Umboðsmaður barna fagnar frumvarpinu sem miðar að því að tryggja börnum í erfiðum aðstæðum nauðsynlegan stuðning. Eins og réttilega kemur fram í greinargerð með frumvarpinu er Ísland eftirbátur annarra Norðurlandabjóða í þjónustu, stuðningi og ráðgjöf við börn sem eiga foreldra sem eru að kljást við alvarleg veikindi.

Hugtakið forráðamaður kemur víða fyrir í frumvarpinu en í íslenski löggjöf er hugtakið forsjáradili notað yfir foreldri eða þann aðila sem hefur rétt og skyldu til að ráða persónulegum högum barns og ákveða búsetustað þess, en nánari skilgreiningu á inntaki forsjár má finna í V. kafla barnalaga, nr. 76/2003.

Í 1. gr. frumvarpsins er kveðið á um skyldu heilbrigðisstarfsmanns, sem kemur beint að meðferð foreldris barns, svo sem læknir, hjúkrunarfræðingur eða félagsráðgjafi, um að huga að rétti barns og þörfum þess. Að mati umboðsmanns barna er þörf á að skýra þessa ábyrgð frekar þannig að í öllum tilvikum sé ljóst sé hvaða starfsmaður beri meginábyrgð á að tryggja nauðsynleg og tímabær viðbrögð í þeim tilvikum þar sem sjúklingur á börn. Fram kemur í frumvarpinu að nánar verði kveðið á um framkvæmd þessarar þjónustu í reglugerð og gefst þar með tækifæri til þess að taka af allan vafa um frumkvæðisskyldu heilbrigðisstarfsmanna og ábyrgð þeirra gagnvart börnum sjúklinga. Skyldur heilbrigðisstarfsmanna samkvæmt frumvarpinu eru tvíþættar. Annars vegar ber starfsmanni að kanna hvort sjúklingur eigi barn undir lögaldri og á þá að bjóða barninu og þeim sem annast það í veikindum foreldrum samtali. Þá ber viðkomandi heilbrigðisstarfsmanni, í samráði við forsjáradila, að hafa frumkvæði að samvinnu við leik-, grunn-, eða framhaldsskóla barnsins sem að mati umboðsmanns barna er afar jákvætt. Hins vegar er um að ræða skyldu lækni sem gefur út dánarvottorð að kanna hvort hinn látni hafi átt barn undir lögaldri. Sé svo ber lækni að tilkynna það til heilsugæslunnar þar sem barn á lögheimili og ber heilsugæslunni þá að bjóða barni og þeim sem annast barnið samtali. Ber heilsugæslunni jafnframt að huga að því að aðstoða barn við að fá aðgang að viðeigandi úrræðum og veita því upplýsingar um lagalega stöðu þess. Ber til þess að líta að í einhverjum tilvikum verða börn forsjarlaus við andlát forsjáforeldris og tekur þá viðkomandi barnaverndarnefnd forsjá barnsins í sínar hendur. Þá er ljóst að í einhverjum tilvikum er þörf á stuðningi við barn frá öðrum þjónustukerfum en heilbrigðisþjónustu eins og t.d. félagsþjónustu eða barnavernd sveitarfélags og færi því vel á því að í reglugerð væri áréttuð skylda heilbrigðisstarfsmanna í þessum málum um að eiga samstarf við aðra þjónustuaðila til að tryggja barni í þessari stöðu viðeigandi og tímanlega aðstoð.

Í 1. gr. frumvarpsins segir að í samtali við barn í þessari stöðu skuli gæta að aldri þess og þroska varðandi þátttöku, upplýsingagjöf, leiðbeiningar, aðstoð og eftirfylgni. Að mati umboðsmanns barna

ætti að skerpa á umræddu ákvæði þannig að réttur barna til þátttöku og upplýsinga sé skýr. Best færi á því að umorða ákvæðið þannig að skýrt sé að réttur barns til upplýsinga og þátttöku sé ekki bundinn við tiltekinn aldur eða þroska heldur ber að veita barni upplýsingar við hæfi og nauðsynlegan stuðning þannig að því sé gert kleift að nýta lögbundinn rétt sinn til upplýsinga og þátttöku í öllum málum er það varðar.

Í frumvarpinu er verið að skerpa á rétti barns til að umgangast nána vandamenn foreldris sem nýtur takmarkaðrar eða engrar umgengni við barn. Kemur fram í 5. gr. frumvarpsins að ungmenni, 15 ára eða eldri, geti gert kröfu um slíka umgengni. Í frumvarpinu og greinargerð er ekki fjallað um ástæður þess að miðað er við 15 ára aldurstakmark. Grundvallarregluna um rétt barna til þátttöku er að finna víða í íslenskrum löggröf en börn eiga rétt á því á að tjá sig í öllum málum er varða þau og ber að taka réttmætt tillit til skoðana þeirra í samræmi við aldur og þroska. Til samanburðar má geta þess að fyrir liggja drög að frumvarpi til breytinga á barnalögum og ýmsum öðrum lögum. Fjallar 9. gr. frumvarpsins um samtal að frumkvæði barns. Er þar kveðið á um að barn geti snúið sér til sýslumanns með ósk um að sýslumaður boði foreldra til samtals um fyrirkomulag forsjár, lögheimilis, búsetu og umgengni en ekki er kveðið á um aldurstakmörk. Þá segir í greinargerð með frumvarpinu um 9. gr. að markmið með samtali sé að leiðbeina barni og foreldrum og leitast við að stuðla að fyrirkomulagi sem er barni fyrir bestu að teknu tilliti til sjónarmiða barnsins. Þá getur sýslumaður nýtt sér liðsinni sérfræðings í málefnum barna við undirbúning og framkvæmd samtalsins. Að mati umboðsmanns barna færi betur á því að um kröfu barns um umgengni við ættingja færi með sambærilegum hætti og í umræddum frumvarpsdrögum og þá án aldurstakmarks en með áherslu á samtal, leiðbeiningar og frumkvæðisrétt barns.

Virðingarfyllt,

Salvör Nordal,
umboðsmaður barna